

AUGLÝSING

um deiliskipulag athafnasvæðis á Tungumelum í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir athafnasvæði á Tungumelum í Mosfellsbæ.

Í deiliskipulaginu felst að á 33 ha svæðis á Tungumelum er gert ráð fyrir 22 athafnalóðum. Lóðastærðir eru á bilinu 3.872 m² - 33.179 m². Hámarkshæð bygginga er á bilinu 10 - 18 m. Nýtingarhlutfall er á bilinu 0,3 - 0,5.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 28. desember 2005.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grindavík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Grindavíkur þann 14. desember 2005 samþykkt deiliskipulag við Hafnargötu í Grindavík.

Deiliskipulagið afmarkast af Mánagötu, Ránargötu og Hafnargötu. Skipulagið felur í sér stækkun tveggja verslunar- og þjónustulóða og minnkun á almenninggarði.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Grindavíkur, 28. desember 2005.

Benedikt Ingi Sigurðsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006